

Innanríkisráðuneytið

Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 23. september 2016
1511192

Vísað er til bréfs innanríkisráðuneytisins frá 14. september síðastliðnum um leiðbeiningar vegna undirbúnings og afgreiðslu tillagna að fjárhagsáætlun í sveitarstjórnunum. Í síðustu málsgrein í bréfinu lýsir ráðuneytið sig tilbúið til að veita frekari leiðbeiningar um gildandi reglur á þessu sviði og því er þetta bréf ritað.

Í sjöundu málsgrein í bréfi ráðuneytisins segir m.a.: "Byggðaráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, skal leggja tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert (3. mgr. 62. gr. ssl.). Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 525/2016, er það bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar sem leggur tillögu að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn skv. framangreindu, sbr. einnig 2. mgr. 50. gr. samþykktarinnar." Hafnarfjarðarkaupstaður óskar eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um túlkun þessa hluta leiðbeininganna. Er átt við að fundur í bæjarstjórn þar sem tillaga að fjárhagsáætlun er lögð fram skuli vera haldinn eigi síðar en 1. nóvember eða er átt við að bæjarráð skuli vera búið að afgreiða tillögu sína til bæjarstjórnar eigi síðar en þá?

Ástæða fyrir framangreindri spurningu er að þegar horft er til afgreiðslu nokkurra stórra sveitarfélaga þá er það nær algilt að fundur sveitarstjórnar þar sem tillaga að fjárhagsáætlun er lögð fram sé haldinn eftir 1. nóvember. Jafnframt er rétt að fram komi að um þetta hefur verið ágreiningur. Sem dæmi um dagsetningu funda sveitarstjórna undanfarin ár þegar tillaga að fjárhagsáætlun var lögð fram má nefna:

- Reykjavík: 4.11.2014 og 3.11.2015
- Kópavogur: 11.11.2014 og 28.10.2015
- Garðabær: 6.11.2014 og 5.11.2015
- Mosfellsbær: 5.11.2014 og 4.11.2015
- Seltjarnarnes: 12.11.2014 og 11.11.2015

Í Hafnarfirði hefur fundur þar sem tillaga að fjárhagsáætlun er lögð fram hins vegar verið haldinn fyrir 1. nóvember frá gildistöku nýrra Sveitarstjórnarlaga.



HAFNARFJÖRÐUR

Brýnt er að fá svar við fyrsta svar við spurningunni sem hér er borin fram. Tímarammi Sveitarstjórnarlaga um framlagningu tillögu að fjárhagsáætlun sveitarstjórnarlaga er þröngur og mikilvægt að fá skýrt fram hver hann er.

Virðingarfyllt,


Haraldur L. Haraldsson
bæjarstjóri

